

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2016, þriðjudaginn 6. desember var haldinn 129. fundur Hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl.16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Björn Gíslason, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Þráinn Árni Baldvinsson, Björn Gíslason- Einnig voru viðstödd: Elvar Örn Þórisson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar, Arna Hrönn Aradóttir áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Norðlingaholts og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum kosninga í Hverfið mitt 2016.
2. Fram fer kynning á úttekt innri endurskoðunar á hverfisráðum og þjónustumiðstöðvum.
3. Lögð fram umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi nr. 14, 2016 fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Árbæjar gerir engar athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls. (nr. 14, 2016).

4. Fram fer kynning á verklýsingu nýs deiliskipulags fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls sbr. útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. nóvember 2016.
 5. Lagt fram erindi um fjölmennningarþing 2017. Hverfisráð Árbæjar felur framkvæmdastjóra og verkefnastjóra ÞÁG að svara erindinu.
 6. Lagðar fram styrkbeiðnir sem borist hafa hverfisráði Árbæjar.
- kl. 17.34 Björn Gíslason víkur af fundi ásamt Elvari Erni Þórisssyni.

Samþykkt að veita íbúasamtökum Árbæjar rekstrarstyrk að upphæð kr. 60.000.-
Samþykkt að greiða foreldrafélagi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts og Jólasveinum fyrir jólahátíð Árbæjar kr. 67.000.-
Samþykkt að veita Fylki styrk vegna 50 ára afmælis 2017 kr. 100.000.-

kl. 17.39 víkur Hildur Hrönn Oddsdóttir af fundi og Björn Gíslason tekur sæti á ný.

Fundi slitið kl. 17.50

Þorkell Heiðarsson

Þráinn Árni Baldvinsson

Björn Gíslason